

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit þann 12.-13. maí 2025, vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 21. nóvember 2025 sem skrifuð var í kjölfar stroks á eldissvæði Arnarlax á Tjaldanesi, Arnarfirði þann 26. maí 2025.

Í umræddri eftirlitsskýrslu var alvarlegt frávik vegna þjálfunar starfsmanna og frávik vegna verklagsreglan, atvikaskráningar og sannprófunar.

Samkvæmt tímasettri úrbótaáætlun eftirlitsþega átti úrbótum að vera lokið 31. janúar 2026.

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum 23. febrúar 2026 vegna eftirfylgni eftirlits. Við yfirferð gagna var ljóst að úrbótum var ekki lokið. Í tengslum við önnur mál vegna sama rekstrarleyfis voru boðaðar dagsektir þann 15. apríl vegna skorts á úrbótum m.a. vegna atviksins á Tjaldanesi 26. maí 2026. Eftirlitsþegi sendi þá inn ný gögn sem voru yfirfarin af Matvælastofnun. Samkvæmt framlögðum gögnum liggur fyrir að þjálfun allra starfsmanna er lokið sem og úrbótum á öðrum frávikum.

Öllum frávikum hefur því verið lokað.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki - Þjálfunarskrá starfsmanna	Lagfært

Frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki - Verklagsreglur	Lagfært
Rannsókn á stroki - Atvikaskráning	Lagfært
Rannsókn á stroki - Annað	Lagfært

Viðstödd heimsókn Arnarlax hf.
Kennitala viðtakenda 580310-0600
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 0 klst.
Frágangur 30 mín.
Tímar við úttekt 45 mín.
Akstur 0 klst.

Niðurlag

Þann 13/05/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 13/05/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 0 skoðunaratriði, þar af 0 alvarleg frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlitun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Rannsókn á stroki - Verklagsreglur

Rannsókn á stroki - Þjálfunarskrá starfsmanna

Rannsókn á stroki - Atvikaskráning

Rannsókn á stroki - Annað